



## **Minnisblað: Reikningur vegna Fab labs-smiðju fyrir bæjarráð Ísafjarðarbæjar**

**27. júní 2024**

Á dögnum var sendur út reikningur til Ísafjarðarbæjar vegna reksturs Fab labs-smiðjunnar á Ísafirði. Reikningurinn er byggður á samningi við íslenska ríkið, Menntaskólann á Ísafirði, Bolungarvíkurkaupstað, Ísafjarðarbæ og Súðavíkurhrepp um rekstur Fab lab-smiðjunnar. Samningurinn er útrunninn og beðið er eftir nýjum samningi um rekstur smiðjunnar með aðkomu ráðuneyta barna- og menntamála annars vegar og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar hins vegar. Vonast er til að fljótlega verði gerður nýr samningur um rekstur smiðjunnar.

Bagalegt er að rukka skv. útrunnum samningi en það er hagstæðara fyrir Ísafjarðarbæ að borga skv. samningnum heldur en að greiða fyrir notkun sveitarfélagsins á Fab lab-smiðjunni. Vonir standa til að fljótlega á haustmánuðum verði gengið frá nýjum rekstrarsamningi með aðkomu allra aðila. Menntaskólinn hefur nú þegar sent erindi á háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar um að gengið verði frá slíku samningi.

Fyrir hönd MÍ, Heiðrún Tryggvadóttir skólameistari